

# Skýrsla Stjórnar Félags Leikstjóra á Íslandi 2012-2013

## Innra starf FLÍ

### Stjórn

Í stjórn FLÍ á starfsárinu sátu Jón Páll Eyjólfsson, formaður, Gunnar Gunnsteinsson, gjaldkeri og Kolbrún Halldórsdóttir, ritari, Varamenn í stjórn voru Rúnar Guðbrandsson, Eva Rún Snorradóttir og Una Þorleifsdóttir. Félagar eru 99 – 42 konur 57 karlar.. Stjórn fundar reglulega og alls 8 sinnum á árinu. Stjórn sér um daglega umsýslu félagsins og ritstjórn vefsíðu. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að vefsíðan miðli vel upplýsingum til félaganna um ráðstefnur, fundi, vinnustofur og annað sem eflir þekkingu og fagvitund félagsmanna.

### Meðal mála sem stjórn afgreiddi á árinu voru:

- Tillögur um fulltrúa FLÍ í nefndir, ráð og stjórnir utan félagsins.
- Tillögur að starfsáætlun 2013-2014 .
- Umsóknir nýrra félaga
- Tillögur að lagabreytingum
- Athugasemdir og eftirfylgja við MMR um sviðslistalög
- Samningar við Þjóðleikhúsið
- Samningar við Leikfélag Reykjavíkur.
- Kynning á nýjum samningum við Þjóðleikhúsið.
- Samstarfi komið á við RIKK.

### Nýjir félagar á árinu

Jenný Lára Arnórsdóttir  
Sara Martí Guðmundsdóttir  
Leifur Þór Þorvaldsson

### Kjaramál

Eins og áður hefur stærsta verkefni stjórnar síðastliðin misseri verið að endurskoða samninga FLÍ. Allir samningar hafa verið lausir síðan 2004. Þann 25. júní 2012 skrifaði samninganefnd FLÍ undir nýjan kjarasamning Félags leikstjóra á Íslandi og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna leikstjóra hjá Þjóðleikhúsi. Með undirritun þessa samnings lauk löngu samningaferli, en samningur leikstjóra við Þjóðleikhúsið rann út 2009. Hinn nýsamþykkti samningur var birtur á vef félagsins undir samningar ásamt stofnannasamningi, ráðningarsamningi og starfslýsingu. Í samningnum eru nokkur nýmæli t.d. varðandi vinnutímaskilgreiningu, sem færa mun leikstjórum umtalsverða kjarabót. Í honum er tekin upp ný launatafla, sem færir leikstjórum allt að 20% launahækkun. Samningurinn færir þannig kjör leikstjóra nær því sem sambærilegar stéttir innan BHM búa við. Einnig var skrifað undir stofnannasamning þar sem skilgreind er röðun í launaflokka og er þar að finna

nýtt ákvæði sem metur frekara nám á háskólastigi til hækkunar launa. Þá er í stofnanasamningi endurskilgreind flokkun leiksýninga og samningslengd. Samningurinn var kynntur þeim leikstjórum, sem ráðnir voru til að stýra sviðssetningum við Þjóðleikhúsið á leikárinu 2012\_2013 og samþykktu þeir samninginn. Þar sem samningurinn byggir á öðrum grunni en eldri samningur og í honum eru m.a. nýjar skilgreiningar á flokkun leiksýninga og samningslengd, boðaði stjórn til kynningar á samningnum. Kjarasamningurinn gildir frá 1. júní 2012 til 31. mars 2014. Þann 4. Desember 2012 skrifaði samninganefnd FLÍ undir nýjan kjarasamning Félags leikstjóra á Íslandi og Leikfélags Reykjavíkur. Með undirritun þessa samnings lýkur löngu samningaferli. Hinn nýsamþykkti samningur er birtur á vef félagsins undir samningar ásamt ráðningarsamningi og starfslýsingu. Í samningnum eru nokkur nýmæli. Í honum er tekin upp ný launatafla, sem færir leikstjórum allt að 20% launahækkun. Samningurinn færir þannig kjör leikstjóra nær því sem sambærilegar stéttir innan BHM búa við. Í samningnum er skilgreind röðun í launaflokka og er þar að finna nýtt ákvæði sem metur frekara nám á háskólastigi til hækkunar launa. Einnig er endurskilgreind flokkun leiksýninga og samningslengd. Stjórn Félags leikstjóra á Íslandi þakkar samninganefnd félagsins mikilvægt starf, en einnig öllum þeim sem lögðu grunninn að vinnunni á fyrri stigum. Undirbúningurinn hefur verið langur og strangur en er nú í höfn. Þó svo þessi árangur hafi náðst er baráttunni ekki lokið. Ennþá er ólokið samningum við Leikfélag Akureyrar, Íslensku Óperuna, RÚV og LHÍ. Nú standa yfir viðræður við LA og ÍÓ og eru lagðar til grundvallar sömu kjarabætur og fengist hafa með samningum við Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur. Viðræður hófust við RÚV en eru nú í óvissu. Það er því ennþá langhlaup framundan. Samninganefnd FLÍ er hins vegar reiðubúin í langhlaup og lætur ekki deigan síga. Þær kröfur sem settar eru fram af hálfu FLÍ eru afrakstur ítarlegrar greiningar á starfi leikstjórans og miða við að réttindi leikstjóra verði sambærileg við aðrar háskólamenntaðar stéttir sem starfa hjá hinu opinbera. Einnig að launakerfið viðurkenni fagþekkingu og ábyrgð leikstjóra og hvetji til þess að leikstjórar sækji sér aukna menntun, sem síðan skilar sér með aukinni þekkingu og fagmennsku til viðkomandi sviðslistastofnunar. Það er núna nærri ljóst að leiðrétting launa, aukin réttindi og launakerfi sem hvetur til aukinnar fagþekkingar og endurmenntunar mun ekki nást nema með því að leikstjórar allir sameinist til stuðnings FLÍ í þessari baráttu.

### *Samninganefnd FLÍ*

Páll Baldvin Baldvinsson  
Kolbrún Halldórsdóttir  
Jón Páll Eyjólfsson

## *Nefndir, ráð og stjórnir FLÍ*

### *Menningarsjóður:*

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskrar leiklistar með því að veita leikstjórum styrki til a) framhaldsnáms, b) rannsóknarstarfa, c) ferðalaga erlendis til að kynna sér það sem efla mætti listþroska þeirra  
Menningarsjóður FLÍ síðari úthlutun 2012 og fyrri úthlutun 2013

### **Menningarsjóður FLÍ síðari úthlutun 2012.**

Stjórn menningarsjóðs FLÍ, er skipuð undirrituðum, Vigdís Jakobsdóttur og Ragnheiði Skúladóttur. Alls bárust 5 umsóknir til sjóðsins en til úthlutunar voru 200 þúsund krónur. Sjóðurinn úthlutaði styrk til tveggja aðila, Kristínar Jóhannesdóttur- ferðastyrkur og Sigrúnu Valbergdóttur – rannsóknarstyrkur. Úthlutað var 30. Nóvember 2012

### **Menningarsjóður FLÍ síðari fyrri úthlutun 2013.**

Stjórn menningarsjóðs FLÍ er skipuð undirritum, Vigdís Jakobsdóttur og Birnu Hafstein. Alls bárust 12 umsóknir en til úthlutunar voru 300 þúsund krónur. Sjóðurinn úthlutaði styrkjum til fjögurra aðila, Bergi Þór Ingólfssyni – ferðastyrkur, Guðnýu Maríu Jónsdóttur– ferðastyrkur, Þór Tuliníus – ferðastyrkur og Kolbrún B. Sigfúsdóttir– ferðastyrkur. Úthlutað var 6. Maí 2013

Undanfarin ár hefur verið léleg ávöxtun á menningarsjóði FLÍ. Það horfir til betri vegar og stefnir í að sjóðurinn geti aftur farið að veita hærra og fleiri styrki. Í vorúthlutun sendi stjórn menningarsjóðs út hvatningu til félagsmanna að sækja um styrk til að fara á norræna hátíð og kynna sér sviðslistir og það helsta sem er að gerast hjá nágrönnum okkar. Á NSIR fundi í maí var ákveðið að efna til Speed Date fyrir norræna leikstjóra á norrænum sviðslistadögum í Kaupmannahöfn í júní 2014. Menningarsjóður mun kynna þau áform rækilega fyrir félagsmönnum fyrir næstu úthlutun svo að leikstjórar á Íslandi hafi tækifæri á að kynna sig og sín verk fyrir öllum helstu leikhússtjórum á öllum norðurlöndum.

Vigdís Jakobsdóttir mun láta af störfum fyrir sjóðinn og þarf aðalfundur að kjósa nýjan úr hópi þeirra sem hlotið hafa styrk undanfarin ár.

Gunnar Gunnsteinsson  
Gjaldkeri FLÍ

### **Menningarsjóður 2012-2013**

Gjaldkeri FLÍ: Gunnar Gunnsteinsson, fulltrúi Leiklistarsambands Íslands:  
Ragnheiður Skúladóttir/Birna Hafstein., fulltrúi FLÍ: Vígdís Jakobsdóttir

### *Bandalag íslenskra listamanna.*

FLÍ á fulltrúa í stjórn BÍL. Hér eru nokkur af viðfangsefnum síðasta starfsárs.

- Skattamál og félagsleg réttindi.
- Opinber stuðningur við listir og menningu.
- Launasjóðir og verkefnasjóðir
- Umsagnir um þingmál
- Skapandi greinar – Sýn til framtíðar
- Norræna menningarmálaáætlunin – Kultur Kontakt Nord
- Tjáningarfrelsi listamanna
- Lottómál
- Samstarf við ríki og borg
- Samstarfið við Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkur
- Höfundarréttur
- Tónlistarhúsið Harpa
- ECA – European Council of Artists
- Málþing um skapandi atvinnugreinar af sjónarhóli listamanna .

Formaður FLÍ hverju sinni er sjálfkjörinn fulltrúi í stjórn BÍL. Aðalfundur kýs einn varamann í stjórn BÍL sem situr í eitt ár

### *Fulltrúi FLÍ í stjórn BÍL 2012-13*

Jón Páll Eyjólfsson Varamaður: Una Þorleifsdóttir

### *Fulltrúaráð IHM*

Samtökin heita Innheimtumiðstöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972, skammstafað IHM. Aðaltilgangur IHM er að annast innheimtu gjalda af tækjum, diskum plötum eða öðrum hlutum til hliðrænnar eða stafrænnar upptöku. Nánar er þetta tilgreint í ofangreindum lagaákvæði sbr. 2. grein laga nr. 60/2000 og reglugerð nr. 125/2001, sbr. reglugerð nr. 168/2001, sbr. reglugerð 227/2001. Aðilar að IHM eru STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar), SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), Hagþenkir, (Félag höfunda fræðirita og kennslugagna), BÍ (Blaðamannafélag Íslands) SKL (Samtök kvikmyndaleikstjóra) F-SÍK (Framleiðendafélagið-Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda) FÍL (Félag íslenskra leikara) FK (Félag kvikmyndagerðamanna), Myndstef og Félag leikstjóra á Íslandi. Þær tekjur sem FLÍ fær úthlutað úr sjóði IHM renna í Menningarsjóð.

Aðalfundur kýs einn aðalmann og einn varamann í fulltrúaráð IHM. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár.

### *Fulltrúar FLÍ í fulltrúarráði IHM 2012-2013*

Aðalmaður: Jón Páll Eyjólfsson, varamaður: Gunnar Gunnsteinsson

### *Fulltrúaráð Listahátíðar*

Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík er þannig skipað að aðildarfélögin tilnefna í það einn fulltrúa með fullum atkvæðisrétti og annan til vara. Auk þeirra sitja í fulltrúaráðinu menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík. Menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík gegna formennsku í fulltrúaráðinu til skiptis, tvö ár í senn. Varaformennsku gegna þeir hvor fyrir hinn. Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík er félag samtaka, fyrirtækja og stofnana sem eiga aðild að Listahátíð í Reykjavík. Fulltrúaráðið er samráðsvettvangur félagsmanna um hvað eina er lýtur að Listahátíð í Reykjavík og hefur það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir stjórn og stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík, einkum um langtímamarkmið og stefnu hátíðarinnar.

Á fundi fulltrúaráðs spunnust nokkrar umræður um hvernig staðið var að ráðningu nýs stjórnanda listahátíðar og ekki voru allir fundarmenn sáttir við framkvæmdina. Á fundinum spurði fulltúi FLÍ út í hlutfall launagreiðslna til Íslenskrar listamanna af heildarlaunagreiðslum Listamanna. Taldi hann það óásættanlegt hversu lágt það værið miðað við heildarkostnað við hátíðina.

Aðalfundur kýs einn aðalman og einn varamann í fulltrúaráð Listahátíðar.

Kjörtímabil þeirra er í eitt ár

#### *Fulltrúar FLÍ í fulltrúaráði Listahátíðar 2012-2013*

Aðalmaður: Jón Páll Eyjólfsson Varamaður: Una Þorleifsdóttir

### *Þjóðleikhúsráð*

Ráðið starfar samkvæmt Leiklistarlögum frá 1998 nr. 138 23. desember Þar segir í 7. gr. Ráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð. Félag íslenskra leikara tilnefnir einn fulltrúa og Félag leikstjóra á Íslandi annan en þrír eru skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Ráðið skal skipað til fjögurra ára í senn, þó þannig að starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar takmarkast við embættistíma ráðherrans sitji hann skemur. Fulltrúi starfsmanna leikhússins, kjörinn úr hópi þeirra til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, á sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti. Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið. Það vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemina. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun skal lögð fyrir þjóðleikhúsráð til samþykktar og ráðið hefur eftirlit með framkvæmd hennar.

Aðalfundur kýs einn aðalman og einn varamann í Þjóðleikhúsráð Kjörtímabil þeirra er í 3 ár.

#### *Fulltrúar FLÍ í Þjóðleikhúsráði 2011-2014*

Aðalmaður: Rúnar Guðbrandsson, varamaður: Eva Rún Snorradóttir

### *Leiklistarsamband Íslands.*

Leiklistarsamband Íslands er sameiginlegur vettvangur allra þeirra starfsgreina og stofnana sem vinna að leikhússmálum á Íslandi. Á starfsárinu hafa meginverkefni LSÍ verið eftirfarandi.

- Undirbúningur Norrænna sviðslistadaga sem haldnir verða Danmörk í júní 2014
- Kynning á íslenskum sviðslistamönnum með þáttöku þeirra á sviðslistahátíðum og kaupstefnum.
- Framkvæmd og umsýsla Grímunnar.
- Ritstjórn og viðhald á Stage.is sem nú gegnir sama hlutverki og “Theatre in Iceland” áður

Formaður FLÍ hverju sinni er sjálfkjörinn í fulltrúaráð LSÍ. Aðalfundur kýs einn varamann í fulltrúaráð LSÍ sem situr í eitt ár

#### *Fulltrúar FLÍ í fulltrúaráði LSÍ 2012-2013*

Aðalmaður: Jón Páll Eyjólfsson Varamaður: Una Þorleifsdóttir

### *Fulltrúaráð Leikminjasafns Íslands*

Forstöðumaður Leikminjasafnsins er Jón Viðar Jónsson

Stjórn: Kolbrún Halldórsdóttir formaður, Ágústa Skúladóttir varaformaður (SL), Hlín Gunnarsdóttir gjaldkeri (FLB), Viðar Eggertsson ritari (FLÍ), Benóný Ægisson (FLH), Lilja Árnadóttir (Þjóðminjasafn Ísl.), Magnús Þór Þorbergsson (LHÍ), Messíana Tómasdóttir (SÍM) og Steinunn Knútsdóttir.

Ath. Samkvæmt lögum Leikminjasafnsins þurfa a.m.k. 5 stjórnarmenn að koma úr fulltrúaráðinu. Aðrir geta boðið sig fram sjálfstætt, sbr. Kolbrún Halldórsdóttir og Steinunn Knútsdóttir.

Leikminjasafnið hefur orðið fyrir niðurskurði fjárframlaga á síðastliðnum árum líkt og mörg önnur söfn. Eins hefur húsnæðisskortur staðið því fyrir þrífum. Það hefur nú skrifstofuaðstöðu í Reykjavíkur Akadémíunni og leigir geymslur undir safnaeign sína. Forstöðumaður er eini starfsmaður safnsins en ráðnir eru verktakar vegna tímabundinna verkefna, þá sérstaklega þegar sérsýningar eru settar upp. Þessar sýningar hafa verið haldnar víðsvegar á liðnum árum og oft á tíðum eru haldin málþing eða aðrar uppákomur í tengslum við þær.

Nú síðast stóð Leikminjasafnið að sýningu á verkum leikmyndahöfundarins Steinþórs Sigurðssonar í Iðnó. Jafnframt var haldið málþing um lífsstarf hans. Þessi sýning stendur ennþá. Fyrirhuguð er sýning síðar á þessu ári á Ísafirði um leiklist á Vestfjörðum. Skemmst er að minnast hliðstæðrar sýningar á Akureyri fyrir nokkrum árum um leiklist á Norðurlandi.

Vissulega hefur bæði fjárskortur og ekki síst aðstöðuleysi háð safninu á liðnum árum. Þó virðist vera að rofa til. Óformlegar viðræður hafa átt sér stað milli Leikminjasafnsins, menntamálaráðuneytisins og Þjóðminjasafns Íslands um

húsnæði sem er í eigu Þjóðminjasafnsins sem Leikminjasafninu gæti staðið til boða. Formlegar viðræður munu hefjast innan skamms um það. Ef það verður að veruleika að safnið fái afnot af umræddu húsi, mun það verða mikil lyftistöng fyrir safnið. Þar yrði vinnuástaða fyrir forstöðumann sem og aðra fræðimenn, jafnframt væri hægt að hafa þar uppi litlar sýningar og efna til ýmissa smærri uppákoma um ýmislegt sem tengist leiklistarsögu Íslands.

Aðalfundur Leikminjasafns Íslands verður haldinn nú í lok maí.

Leikminjasafn Íslands fagnar 10 ára afmæli sínu 9. mars á næsta ári og væri það fagnaðarefni ef safnið yrði þá komið í eigið húsnæði á þeim tímamótum.

Aðalfundur kýs einn aðalmann og einn varamann í fulltrúaráð Leikminjasafns Íslands. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár.

**Fulltrúar FLÍ í stjórn Leikminjasafns Íslands starfsárið 2012-2013**

aðalfulltrúi FLÍ: Viðar Eggertsson varafulltrúi FLÍ: Jakob S. Jónsson

### *Talía-loftbrú*

Talía er sjóður í eigu Félags íslenskra leikara, Félags leikskálda og handritshöfunda, Félags leikstjóra á Íslandi og Reykjavíkurborgar. Markmið og tilgangur sjóðsins er að styðja við sýningu og kynningu á íslenskri sviðslist erlendis og er sjóðurinn ætlaður sjálfstætt starfandi listamönnum. Stjórn sjóðsins boðar fundi þegar umsóknir liggja fyrir. Staða sjóðsins er þökkaleg og eru nú uppi áætlanir um að auka burði hans og tryggja að hann geti starfað og stutt íslenskt sviðslistafólk til frambúðar. . Hægt er að nálgast stofnskrá sjóðsins á vef FLÍ eða sækja þar um í sjóðin rafrænt.

Stjórn skipar einn áheyrnarfulltrúa í stjórn Talíu. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár.

**Fulltrúi FLÍ í stjórn Talíu 2012-2013**

Jón Páll Eyjólfsson

### *Formannaráð BHM*

#### **Breytt lög BHM**

Á aðalfundi BHM árið 2012 voru samþykktar gagngerar breytingar á lögum bandalagsins, í kjölfar ítarlegrar endurskoðunar lagabreytinganefnda árin á undan. Miðstjórn var lögð niður og í hennar stað kom formannaráð.

#### **Fastanefndir.**

Fastanefndir BHM eru nú þrjár; nefnd um kjara- og réttindamál, nefnd um þjónustu og aðbúnað og nefnd um fag- og kynningarmál. Sú breyting var gerð í nýjum lögum að auka áherslu á opna fundi þessara nefnda, í því augnamiði að styrkja þær sem vettvangur fyrir samskipti aðildarfélaganna um viðfangsefni hverrar og einnar.

Opnir fundir á málefnaþingunni eru kjörinn vettvangur fyrir umræðu sem áður átti sér stað á mánaðarlegum miðstjórnarfundum.

## **Fastanefndir BHM**

### **Kjara- og réttindanefnd**

Auk þess að fjalla með reglulegum hætti um kjara- og réttindamál félagmanna í aðildarfélögunum voru eftirfarandi mál fyrirferðarmest:

- 1) Kjarakönnun
- 2) Endurskoðun kjarasamninga.
- 3) Vinna í tengslum við bókun 1 með kjarasamningum

### **Fag- og kynningarmálanefnd**

Ása Sigríður Þórisdóttir, verkefnastjóri fag- og kynningarmála BHM.

Helstu verkefni verkefnastjóra, fyrir utan kynningar- og ímyndarmál BHM út á við, voru m.a. skipulag og umsjón með fræðsludagskrá 2012-2013, skipulagning ráðstefna og málþinga á vegum bandalagsins, opinn fundur stýrihópsins og þátttaka í Framadögum háskólanna.

Á haustönn 2012 og vorönn 2013 var boðið upp á 45 námskeið/erindi, þar af voru fjögur erindi haldin á Akureyri og átta erindi í boði í gegnum streymið.

Fræðsludagskráin var afar vel sótt og tóku rúmlega 1500 manns þátt í henni.

Mikilvægt er að reyna að auka enn frekar framboð námskeiða/erinda í gegnum streymið en mikil eftirspurn er eftir slíku á landsbyggðinni.

### **Þjónustu- og aðbúnaðarnefnd**

Á haustdögum 2012 var gerð könnun meðal aðildarfélaga BHM um þörf þeirra á auknu húsnæði innan Húsfélags BHM sf. og hvort þau teldu þörf á að auka þjónustu BHM. Sú könnun leiddi í ljós að ekki virtist grundvöllur til að auka við húsnæðið að svo komnu máli.

Virgni aðildar FLÍ að BHM er sífellt að aukast. Okkur er nú að takast mun betur að nýta starfskrafta þá og þekkingu sem þar er í boði. FLÍ tók þátt í kjarakönnun BHM og eru niðurstöður hennar margt áhugaverðar en verða ekki kynntar hér sérstaklega. Launaþáttur könnunarinnar var þó ekki birtur á aðalfundinum. En skýrsluna má finna á vef BHM.

Formaður FLÍ hverju sinni á sæti í formannaráði BHM. Stjórn skal tilnefna varamann formanns.

Varamaður FLÍ í formannaráði BHM er Gunnar Gunnsteinsson

## **Valnefndir Grímunnar**

Í maí ár hvert tilnefnir FLÍ eftirfarandi fulltrúa í valnefndir Íslensku sviðslistaverðlaunanna Grímunnar.

Aðalvalnefnd sviðsverka 2 fulltrúa

Valnefnd barnaverka 2 fulltrúa

Valnefnd útvarpsverka 1 fulltrúa

Stjórn FLÍ þakkar fulltrúum valnefndum Grímunnar fyrir sína óeigingjörnu og þrotlausu vinnu sem innt var af hendi af fagmensku og dugnaði.



## *Samráðsnefnd Fagfélaga í sviðslistum*

FLÍ hafði víðtækt samráð við önnur fagfélög innan sviðslistanna um athugasemdir um nýtt frumvarp MMR til sviðslistalaga. Það frumvarp náði einungis einni umræðu og náði ekki að komast á dagskrá Allsherjar og mennta nefndar. Er alls óvíst um framtíð þeirrar vinnu í ljóði úrslita kosninga. FLÍ mun þó af öllu afli reyna að koma því máli aftur á dagskrá enda nokkuð mikið í húfi fyrir allan geiran. Samráðsnefndin vinnur einnig á grundvelli samþykktar fulltrúaráðs LSÍ. Þar er henni falið það hlutverk að standa að tilnefningum í nefndir og ráð fyrir hönd LSÍ samkvæmt samþykktum verklagsreglum

LSÍ. Una Þorleifsdóttir er fulltrúi FLÍ í nefndinni.

Fulltrúi FLÍ

Una Þorleifsdóttir Aðalmaður. Jón Páll Eyjólfsson Varamaður.

## *Norrænt samstarf*

### *NSIR*

FLÍ er aðili að NSIR Sambandi Norrænna leikstjórafélaga. Ísland tók við formennsku í sambandinu 2010. NSIR er samræðuvettvangur leikstjóra á Norðurlöndum.

Svíþjóð fer með formennsku í NSIR og haldnir voru tveir fundir, í desember 2012 í Stokkhólmi og sá síðar var haldinn í Jönköping í maí 2013. Á þessum fundum eru fluttar skýrslur allra félaga þar sem farið er yfir það helsta sem gerst hefur hjá félögunum. Það helsta sem kom fram á fyrri fundinum var að þróunin á norðurlöndum hefur verið í þá átt að erlendum leikstjórum er boðin vinna undir töxtum og meðvitund félagsmanna hefur minnkað um rétt sinn á hinum norðurlöndum. Samningar eru mjög ólíkir og því þarf að efla meðvitund sviðsleikstjóra um að hafa samband við viðkomandi fagfélög í því landi sem þeir eru að starfa í. Einnig hefur orðið þróun á menningarpólítík á norðurlöndunum. Aðal breytingarnar eru þær að armlengdarreglan er minna í hávegum höfð, meira um verkefna styrki í stað þess að gera langtíma samninga við minni leikhús, samstarfssýningar eru að tröllríða stofnunum án aðkomu fagfélaga, meiri harka í yfirstjórn sviðslistastofnanna sem skilar sér í einangrun leikstjóra þar sem þeim er hótáð því að missa vinnuna ef þeir hafa samband við fagfélögin, afrit af samningum eru ekki að skila sér til stéttarfélaga o.s.frv. Það er óhætt að fullyrða að FLÍ kannast vel við þær aðstæður sem kollegar okkar á norðurlöndunum eru að fást við. Eitt af því sem unnið verður að á þessu ári er að kanna vilja leikstjórafélaga í Baltnesku löndunum til þáttöku í samtökunum ásamt því að efla tengslanet almennra félagsmanna og meðvitund þeirra um systurfélögin á hinum norðurlöndunum.

Á síðari fundinum var mikið rætt um þá þróun að sýningar eru framleiddar af sjálfstæðum aðilum og svo seldar inn í húsin. Þannig losna stofnanir við að greiða laun samkv. kjarasamningum og milliliðurinn fær 10% af öllum launum. Þessi þróun er eitthvað sem FLÍ á að velta fyrir sér sérstaklega út frá auknu

samstarfi sjálfstæðra hópa og stofnanna hér á landi. Einnig eru menn að vakna upp við vondan draum að öll þau menningarhús sem reist hafa verið út um allt land eru of dýr þannig að enginn getur leigt sig þangað inn til sýningarhalds. Samningar eru í uppnámi á nokkrum stöðum en Svíar hafa þó náð ásættanlegum samning með rúmlega 7% hækkun. Jafnréttismál og staða kvenna var mikið rædd og er það málefni ofarlega á baugi hjá flest öllum félögum. Danir hafa átt í samræðum við sviðslistastofnanir í sínu landi um hvernig best sé að nýta það fjármagn sem er í boði en listamönnum fækkar stöðugt á meðan öðrum störfum fjölgar. Höfundarréttamál eru líka ofarlega á baugi og ljóst að staða íslenskra leikstjóra er með því besta sem gerist á norðurlöndum.

Á þessum fundi var ákveðið að fara í samstarfi við allar helstu sviðslistastofnanir á norðurlöndum og halda svokallað speed date fyrir leikstjóra næsta sumar í Kaupmannahöfn á norrænum sviðslistadögum. Svíar munu hafa yfirumsjón með þessu en þeir halda eitt slíkt á hverju ári fyrir félagsmenn sína.

### *Rekstur FLÍ*

Rekstur FLÍ hefur gengið vel undanfarið. Ávöxtun fjármuna FLÍ er mun betri í ár en undanfarið. Vegna lagabreytingar fyrir tveimur árum þar sem félagsgjöld þeirra sem greiða af launum sínum til félagsins eru frádráttarbær frá viðbótarfélagsgjaldi hefur ýmislegt komið í ljós. Stofnanir sem félagsmenn okkar starfa hjá hafa ekki í öllum tilvikum skilað inn félagsgjaldi vegna verktakasamninga. Einnig hefur verið brotalöm á að þeir sem starfa sem leikarar við húsin og taka að sér leikstjórnarverkefni skili félagsgjöldum til FLÍ vegna þeirrar vinnu. Þessi mál eru nú komin í réttan farveg en það hefur ekki gengið þrautalaust að innheimta þessi gjöld hjá stofnunum. Einnig hefur þetta aukna eftirlit skilað meiri tekjum til félagsins og er ágæt áminning um að við verðum alltaf að vera á verði gagnvart kjarasamningum og lögbundnum rétti okkar.

Það eru mjög fáir félagsmenn skráðir í BHM og ljóst að þar þarf að gera átak. Gjaldkeri ætlar að kanna möguleikann á föstu gjaldi svo að félagsmenn missi ekki réttindi sín vegna eðli starfsins. Félagsmenn FLÍ verða að átta sig á því að búið er að leggja niður alla sjóði nema félagssjóð og menningarsjóð. Það verður því að standa skil á greiðslum til BHM til að hafa réttindi m.a. í sjúkrasjóð og orlofssjóð.

### *Ávarp formanns*

Ágætu félagar. Nú er starfsárið á enda runnið og það hefur sannarlega verið hlaðið verkefnum og viðburðarríkt. Hefðbundin störf stjórnarmanna og annara sem gegna trúnaðarstöðum fyrir félagið eru ætið kjarni starfsins. En að auki var fjöldi verkefna á starfsáætlum 2012-2013. Stærstu verkefnin voru auðvitað kjarasamningar og kjarabaráttu. Saminganefnd tókst að ná samningum við Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið sem við getum verið stolt af. Áfangasigur náðist hvað varðar viðurkenningu á frekara námi til hækkunar launa. Viðræður standa nú yfir við Íslensku Óperuna og Leikfélag Akureyra. Mikil vinna er þó framundan

og ljóst er að beita þarf töluverðum þrýstingi til þess að ná fram sömu leiðréttingu í þeim samningum. Samningaviðræður við RÚV hófust en eru nú í lausu lofti. Að lokum þarf að ná samningum við Sjálfstæðuleikhúsin og Ríkisvaldið um kjör leikstjóra. Loks er það ljóst að samningamál þurfa síðan að vera lifandi og ekki falla í dvala, heldur ná upp vinnubrögðum rannsóknna og stöðugu viðhaldi og endurskoðun samninga.

Sú starfsáætlun sem hér er kynnt og lögð fram er metnaðarfull og með henni tekur FLÍ að sér leiðandi hlutverk við stefnumótun í samstarfi við önnur fagfélög. Það er brýnt að það samstarf náist og að það samstarf nái að skila samtali og aðgerðum er varða samstarfsverkefni, höfundarrétt og aukin þrýsting á ríkisvaldið vegna lagaumhverfis og gerð áætlana um hækkun starfslauna og verkefnasjóða. Sá tími er upprunnin að við sviðslistamenn allir sameinumst um það að stýra umræðunni, samræma kröfur okkar vegna kjara og höfundarréttar. Sameinuð getum við mætt aukinni samvinnu atvinnuveitanda í sviðslistum.

Með baráttukveðju

Jón Páll Eyjólfsson  
Formaður FLÍ